

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04. mars 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými). Mál nr.S-55/2019 á samráðsgátt. 49. löggjafarþing 2018–2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

frumvarp um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (neyslurými).

Mál nr.S-55/2019 á samrásgátt. 49. löggjafarþing 2018–2019.

Almennt

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með rekstri Konukots, athvarfs fyrir heimilislausar konur, skaðaminnkunarverkefnanna Frú Ragnheiður í Reykjavík og Ungfrú Ragnheiður á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt varðandi ýmis hagsmunamál fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans auk stjórnvalda og fjölda samstarfsaðila hér á landi.

Rauði krossinn hefur orðið þess vís að þörf sé á aukinni og bættri þjónustu fyrir þá jaðarsettu einstaklinga sem notast við ávana- og fíkniefni.

Umsögn sína byggir Rauði krossinn á ofangreindu auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og áratuga löngu starfi á sviði mannúðarmála.

Umsögn um frumvarpið

Rauði krossinn styður frumvarpið og þær breytingar á löggjöfnni sem í því felast.

Rúmlega 450 einstaklingar sótt þjónustu Frú Ragnheiðar á árinu 2018 og er það yfir 7% fjölgun frá því árið 2017. Fjöldi einstaklinga sem leitað hafa í úrræðið hefur verið stigvaxandi frá því Frú Ragnheiður hóf störf haustið 2009. Þessir 455 einstaklingar heimsóttu Frú Ragnheiði í tæplega 4.000 heimsóknnum og nýttu sér þjónustuna sem þar er boðið upp á. Þá hefur verkefnið fargað vel yfir 2.600 lítrum af notuðum sprautubúnaði á árinu. Þá er ótalin þjónusta í Ungfrú Ragnheiði sem starfrækt er á Akureyri.

Rauði krossinn er hlynntur því að stjórnvöld leiti leiða til að auka þjónustu við það fólk sem notar vímuefni svo draga megi úr skaðlegum afleiðingum slíkrar vímuefnanotkunar. Í öðrum löndum þar sem slík rými eru í notkun hafa þau sannað gildi sitt og þá sérstaklega fyrir einstaklinga sem nota vímuefni um æð og hafa ekki fasta búsetu.

Rauði krossinn er sammála því sem fram kemur í frumvarpinu að neyslurými verði skilgreint sem sértækt heilbrigðisúrræði. Þar væri auk neyslurýmis hægt að sækja heilbrigðisþjónustu. Rauði krossinn telur mikilvægt að neyslurýmið veiti samþætta lágþröskuldarþjónustu og er mikilvægt að

heilbrigðisráðuneytið verði leiðandi í komandi samstarfi milli rekstraraðila neyslurýmis og Landspítalans varðandi heilbrigðisþjónustu í neyslurýminu.

Staðsetning neyslurýmis

Rauði krossinn telur nauðsynlegt að rýminu verði fundið húsnæði sem er ekki tengdur öðrum úrræðum fyrir vímuefnanotendur, heimilislausa einstaklinga eða fólk sem á einhvern hátt gæti tengst eða nýtt sér þjónustu neyslurýmis. Þannig verði komist hjá því að mögulegir notendur rýmisins muni forðast að leita til þess af þeirri ástæðu einni að rýmið tengist um of tilteknum hópum.

Rétt er að nefna að margar konur sem nota vímuefni í æð eru í afar viðkvæmri stöðu innan hópsins. Þær hafa mögulega orðið fyrir alvarlegu ofbeldi af hendi þeirra sem nýta önnur úrræði fyrir vímuefnanotendur og aðra jaðarsetta og því er mikilvægt ef neyslurýmið á að mæta þeirra þörfum líka að tengja það ekki við önnur úrræði. Slík tenging gæti komið í veg fyrir að þær myndu nýta neyslurýmið og þá sértæku heilbrigðisþjónustu sem í boði verður.

Í nýlegri rannsókn sem unnin var af verkefnastjóra Rauða krossinn í málefnum skaðaminnkunar kom í ljós að notendur töldu mikilvægt að staðsetningin væri miðsvæðis í Reykjavík. Þetta er í samræmi við sambærilegar rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis. Rauði krossinn telur mikilvægt að komið sé til móts við þarfir notenda.

Rauði krossinn hefur lýst sig reiðubúinn til að koma að rekstri neyslurýmis í Reykjavík. Frá stofnun verkefnisins Frú Ragnheiðar hefur skapast mikil þekking á skaðaminnkun innan Rauða krossins.

Lagaumhverfi

Miðað við núverandi lagaumhverfi er óvíst hvernig lögregla eigi að geta stutt við starfsemi neyslurýmis og tryggt öryggi notenda þess á sama tíma og henni er ætlað að vinna gegn brotastarfsemi tengdri ávana- og fíkniefnum. Tryggja þarf að lagalegar heimildir lögreglu séu skýrar svo ekki þurfi að treysta á mat lögreglu hverju sinni, eins og skilja má í greinargerð með frumvarpinu. Friðhelgi neyslurýmis þarf að vera tryggð.

Rauði krossinn telur mikilvægt að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar á lögum um ávana- og fíkniefni er varða rekstur og starfsemi neyslurýma muni að auki taka tillit til núverandi skaðaminnkandi úrræða sem þjónusti einstaklinga sem nota vímuefni í æð og eru heimilislausir. Þau úrræði sem þyrfti að taka tillit til eru Konukot, Gistiskýlið, Frú Ragnheiður og Ungfrú Ragnheiður. Þessi skaðaminnkunarúrræði eru nú þegar að þjónusta fyrirhugaðan markhóp neyslurýmis. Öll þessi úrræði hafa nálaskiptiþjónustu. Rauði krossinn telur nauðsynlegt að frumvarpið muni ná heildrænt yfir formleg skaðaminnkunarúrræði á Íslandi.

Lokaorð

Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með þann stuðning sem félagið getur veitt. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta starfsfólk ráðuneyta, stofnana, þingmenn eða ráðherra til frekari viðræðna um áformin og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.